

### Verkefnislýsing rannsóknarverkefnis

Nemendur vinna rannsóknarverkefni um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans

Um er að ræða einstaklingsverkefni. Þó er nemendum heimilt að vinna paraverkefni en bera þá sjálfir ábyrgð á samstarfinu.

Rannsókninni þarf svo að gera skil í skýrslu. Hún á að fylgja fyrirkomulagi skv. APA staðlinum. Samráð skal haft við leiðbeinanda.

#### Yfirlit verkefnaskila:

**15.september** – eiga heimildalist og efnisgrind að vera klár.

**18.október** – síðasti séns að skila leiðsagnarskilum.

**18.nóvember** – síðasti séns að skila lokaskilum verkefnis.

**29. nóvember** – Lokaverkefnisdagur, kynna og verja verkefnið ykkar.

#### Kröfur fyrir öll lokaverkefni:

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs og endurspeglar námssval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarspurningu og tilgátu eða tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu. Verkefnið snýst svo um að svara þessari spurningu út frá nokkrum sjónarhornum.
- Verkefnið á að vera hið minnsta 2.500 orð fyrir einstaklingsverkefni og 3.500 orð fyrir paraverkefni (fyrir utan forsíðu, heimildaskrá og fylgiskjöl).
- Nota skal Times New Roman Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð með línubil 1,5

#### Heimildir:

- Vísa þarf jafnóðum til heimilda, setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti og vísa til heimildaskrár. Halda þarf beinum tilvitnunum í algjöru lágmarki, einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli.
- Nota skal APA kerfið, sjá leiðbeiningar á vef HÍ eða HR.
- Vinnið þið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geym það að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka. Þið munið þakka sjálfum ykkur fyrir það í vor.

Einstaklingsverkefni (lágmark)	Para/hópverkefni (lágmark)
Að minnst kosti 8 heimildir, þar af mega 2 vera óritrýndar.	Að minnsta kosti 12 heimildir, þar af mega 3 vera óritrýndar.
Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.	Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.

Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.	Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.
--	--

**Sérstakar kröfur eftir gerð verkefna:**

- Þegar nemandi skilar verkefninu 19.febrúar verður að fylgja með sem fylgiskjal mat á áreiðanleika heimilda.
- Vanda skal alla uppbyggingu textans og hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um ritgerðarsmíð. Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins og upplýsingar á vefjum HÍ og HR. Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle.

**Megindlegar rannsóknir:**

- Nemandi velur sér viðfangsefni og býr til rannsóknaráætlun sem er skilað 5.febrúar
- Spurningalistar verða að fylgja verkefni sem fylgiskjöl.
- Nemandi skilar niðurstöðum rannsóknarinnar í hefðbundinni skýrslu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi fagi. Þetta er ákveðið í samráði við faglegan leiðbeinanda.

**Eigindlegar rannsóknir:**

- Nemandi velur sér viðfangsefni og býr til rannsóknaráætlun sem er skilað 5.febrúar
- Þemagreining verður að fylgja verkefni sem fylgiskjöl.
- Nemandi skilar niðurstöðum rannsóknarinnar í hefðbundinni skýrslu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi fagi. Þetta er ákveðið í samráði við faglegan leiðbeinanda.